

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 214 20. júní 1973 um innheimtu og skil á meðlögum o. fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.**

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fullnaðarskil á lögmætum meðlagskröfum Tryggingastofnunar ríkisins sbr. 1. gr. fyrir næstliðið almanaksár, skal Innheimtustofnun sveitarfélaga hafa innt af hendi fyrir 1. október ár hvert. Skiladagar vegna óinnheimtra meðlaga skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð. Heimilt er að verja öllum innheimtum meðlögum, sem innheimst hafa, til lúkningar fullnaðarskilum samkvæmt grein þessari.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

Nr. 550.

8. október 1980.

**LÖGREGLUSAMÞYKKT**

fyrir Borgarfjarðarsýslu.

Fyrsti þáttur

ákvæði, er taka bæði til kaupúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannaferi.

1. gr.

Á almannaferi er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast saman á almannaferi svo að til tálma eða óþæginda sé fyrir umferð eða vegfarendur.

Þegar talað er um almannaferi í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsnota, svo sem hátíðar-svæði, leikvelli, torg, bryggjur og afgreiðslustæði bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús svo sem veitingahús, leikhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur o. s. frv., gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannaferi, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannaferi, þar á meðal við dyr kirkna, verslana, samkomuhúsa, eða annars staðar, þar sem almenningur, kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.